

Ed.

3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildar vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979 o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1 570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

3. gr.

Heimil er lántaka vegna hitaveituframkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveituframkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr. með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita olíufélögunum, vegna halla, sem myndast hefur til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 millj. króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

7. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda ríkissjóðs allt að 4 500 millj. kr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildar vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979 o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 71 10. júlí 1979, um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildar vegna framkvæmda á sviði orkumála, bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979, um hækkun olíugjalds til fiskiskipa og heimild til ríkisábyrgðar á skuldbreytingalánnum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum fyrir olíu, og bráðabirgðalög nr. 74 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, er biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1 570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

3. gr.

Heimil er lántaka vegna hitaveituf framkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveituf framkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr. með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita olíufélögunum, vegna halla, sem myndast hefur til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 millj. króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

7. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda ríkissjóðs allt að 4 500 millj. kr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.
(L. S.)

Ármann Snævarr.

Sighvatur Björgvinsson.